Stjórnartíðindi
1987 - A-deild - 2. hluti

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1987

28. desember 1987 671 Nr. 83

LÖG

um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna, a-liður, orðist svo:

Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast vátryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið má nema allt að 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni, né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Ráðherra ákveður hversu hátt fyrrgreint hlutfall skal vera og setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjaldsins í reglugerð. Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra aðila, sem annast innheimtu brunavarnagjaldsins, liggja fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endanlegt uppgjör á brunavarnagjaldi vegna síðasta iðgjaldatímabils fyrir gildistöku þessara laga skal fara fram þegar ársreikningar hvers tryggingafélags liggja fyrir í samræmi við a-lið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 74/1982.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

A 43

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

LÖG

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 5. mgr. 12. gr. laganna (sbr. l. nr. 27/1987) komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 30. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fyrir fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 m^2 brúttó, að frádregnum bílskúr. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd. Nánari reglur um framangreind atriði skal setja í reglugerð.

2. gr.

Í stað 1. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir sem hljóði svo:

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni. Í svari Húsnæðisstofnunar til umsækjanda skal koma fram að lánið sé háð því að lífeyrissjóður eða sjóðir, sem umsækjandi er félagi í, hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

3. gr.

7. mgr. (verður 8. mgr.) 12. gr. laganna hljóði svo:

Úthlutun lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn, svo og lána til meiri háttar viðbygginga, endurbóta eða orkusparnaðar, skal ganga fyrir úthlutun lána til þeirra sem eiga íbúð fyrir og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast þegar íbúðir verða veðhæfar. Á sama hátt er húsnæðismálastjórn heimilt að láta úthlutun lána til þeirra ganga fyrir sem eiga fyrir ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum. Nánari reglur um framangreind atriði skulu settar í reglugerð. Heimilt er að skipta láni í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum sem húsnæðismálastjórn setur enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. gilda um umsóknir sem borist hafa Húsnæðisstofnun ríkisins frá og með 13. mars 1987.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu að tekjur þessar hafi ekki verið rétt tilgreindar, sbr. 4. gr. þessara laga, skal skattstjóri endurákvarða gjaldstofna og gjöld viðkomandi framteljanda. Um endurákvörðun slíkra gjaldstofna og álagningu gjalda gilda ákvæði IX.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin ákvæðin um álag og refsingar, innheimtu og ábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda gjaldárið 1988 á tekjur ársins 1987.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

28. desember 1987 Nr. 86

LÖG

um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 86/1985 eða laga nr. 87/1985 eða í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ofangreindra aðila.
4. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en þeirra sem áður er getið, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða Seðlabanki Íslands hafi veitt þeim viðurkenningu í þessu skyni.

5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði sem ákveðið er af tveim mönnum sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.

Stjórn sjóðsins setur reglur um við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem ekki eru launþegar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1989 skal þrátt fyrir ákvæði 8. gr. greiða iðgjöld af öðrum launum en fyrir dagvinnu, þar með talið vaktaálag, sem hér segir:

	Hluti launþega	Hluti atvinnurekanda	Samtals
Frá gildistöku laga þessara til 31. desember 1987 .	1,0%	1,5%	2,5%
Frá 1. janúar 1988 til 31. desember 1988	2,0%	3,0%	5,0%
Frá 1. janúar 1989 til 31. desember 1989	3,0%	4,5%	7,5%

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

Nr. 87 28. desember 1987

LÖG

um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1982 og 5. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Launaskattur skal nema 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá aðilum er stunda starfsemi sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Launaskattur af öðrum vinnulaunum og atvinnutekjum en um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 2. gr. skal nema 3,5%.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af launaskatti fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskræktarstöðvum. Vinna við skógrækt telst landbúnaðarstarf í þessu sambandi. Veiði í ám og vötnum, fiskrækt og gæsla veiðiréttar teljast hins vegar ekki landbúnaðarstörf.

3. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist skal greiða af 3,5%, 1% eða engan launaskatt, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í gjaldflokka launaskatts, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., í sömu hlutföllum og eru milli heildargreiðslna í hverjum gjaldflokki, sbr. 1. mgr., áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna launaskatt af þeim í samræmi við það.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988 og skal launaskattur samkvæmt þeim greiddur af öllum launum vegna starfa sem unnin eru frá og með þeim tíma.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

28. desember 1987 Nr. 88

LÖG

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1988 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1987 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1987.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1988 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir I. kafla laga þessara ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð, í árslok 1987. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1988 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,1% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1987 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1988. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1988.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um breyting á lögum um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Kirkjugarðsstjórnir skulu árlega semja áætlun um tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða sem þær hafa í umsjá sinni. Á sama hátt skulu þær semja reikning fyrir næstliðið ár yfir tekjur og gjöld kirkjugarðanna, svo og skýrslu um eignir þeirra að meðtöldum legstaðasjóðum (sbr. 20. gr.).

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna.

Tekjur kirkjugarða, auk þeirra sem áður er getið, skulu vera 1½% árlega reiknaðar af aðstöðugjöldum á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins. Tekjur kirkjugarða samkvæmt þessari málsgrein og 26. gr. a nefnast einu nafni kirkjugarðsgjöld.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið af aðstöðugjöldum fyrir eitt ár í senn, í allt að 4%.

Komi það í ljós að tekjur kirkjugarðs skv. 3. mgr. að viðbættum öðrum tekjum mundu fara verulega fram úr áætluðum gjöldum það ár getur kirkjumálaráðuneytið heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald af aðstöðugjöldum en í 3. mgr. segir.

Innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu innheimta þann hluta kirkjugarðsgjaldsins sem reiknast af aðstöðugjöldum og er þeim heimilt að taka 1% í innheimtulaun. Þeim ber að skila gjaldinu mánaðarlega til viðkomandi kirkjugarðsstjórnar. Heimilt er þó að greiða gjaldið sjaldnar til fámennari safnaða eftir samkomulagi.

Kirkjugarðsgjöld reiknuð af aðstöðugjöldum eru lögtakskræf.

2. gr.

Við bætist ný grein er verði 26. gr. a svohljóðandi:

Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar af óskiptum tekjuskatti fjárhæð er rennur til kirkjugarða landsins. Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:

1. Á árinu 1988 skal gjaldið vera 69,50 kr. á einstakling á mánuði, að viðbættri fjárhæð er samsvarar þeirri hækkun er verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1986 og 1987. Ríkissjóður skilar þessu gjaldi í fyrsta skipti 15. febrúar 1988.
2. Á árinu 1989 ákvarðast gjaldið á hvern einstakling á mánuði í samræmi við endanlega ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári, að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1987 og 1988 þegar tekjuskattsstofn tekjuársins 1987 hefur verið reiknaður eftir sömu reglum og munu gilda við útreikning tekjuskattsstofns tekjuársins 1988.
3. Á árinu 1990 og síðar ákvarðast gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári, að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Nú verða gerðar breytingar á útreikningi tekjuskattsstofns og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun gjaldsins hverju sinni.

Hækkun á gjaldi samkvæmt þessari grein skal ákvarðast af kirkjumálaráðherra í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þar til ákvörðun þessi liggur fyrir skal ráðherra ákveða uppígreiðslu gjaldsins fyrir mánuðina janúar til júlí ár hvert á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára.

Hver kirkjugarður á rétt á gjaldi skv. 1. mgr. fyrir hvern þann sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins gjaldárs og býr á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins, miðað við 1. desember næst á undan gjaldári. Ríkisbókhaldið annast skiptingu gjaldsins.

Gjald vegna manna, sem eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá, greiðist til Kirkjugarðasjóðs, sbr. 27. gr.

3. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal sjóð er nefnist Kirkjugarðasjóður. Tekjur sjóðsins eru 8% af kirkjugarðsgjöldum.

Ríkisbókhaldið og innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu standa stjórn sjóðsins skil á gjaldi þessu ársfjórðungslega eða eftir nánara samkomulagi.

Kirkjugarðsstjórnir geta ávaxtað í sjóðnum það fé kirkjugarða, sem er umfram árlegar þarfir, með almennum innlánskjörum lánastofnana.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn kjörnir til fjögurra ára í senn af kirkjuráði, þar af einn samkvæmt tilnefningu kirkjugarðsstjórnar Reykjavíkurprófastsdæmis. Varamenn skulu vera kjörnir með sama hætti. Kirkjuráð ákveður hver skuli vera formaður og varaformaður stjórnarinnar. Reikningshald sjóðsins annast skrifstofa biskups og gilda um það sömu reglur sem um reikningshald kirkna. Reikningar Kirkjugarðasjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

Meginmarkmið Kirkjugarðasjóðs er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Úr sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrki kirkjugarðsstjórnum til kirkjugarða og kirkna, svo og til þess að setja upp minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús að fornu.

Sjóðnum er heimilt að kosta viðhald og umhirðu kirkjugarða í sóknum sem eyðst hafa að fólki, sbr. 6. gr. laga nr. 25/1985.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins að fengnum tillögum stjórnar hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. bætist svohljóðandi málsliður:

Enn fremur getur fjármálaráðherra ákveðið að laun, þar með talin reiknuð laun, undir ákveðinni fjárhæð skuli ekki falla undir staðgreiðslu.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. falli niður.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Skattkort þessi skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru við frumgerð þjóðskrár hinn 1. nóvember þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

4. gr.

3. mgr. 11. gr. orðist svo:

Á skattkorti skal, auk upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr., koma fram staðgreiðsluhlutfall, sbr. 1. mgr. 9. gr., og upplýsingar um persónuafslátt viðkomandi launamanns sé um hann að ræða, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili.

5. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef launamaður, sem er móttakandi greiðslna frá eða á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, óskar ekki sérstaklega eftir öðru getur ríkisskattstjóri fyrir upphaf staðgreiðsluárs afhent Tryggingastofnun ríkisins skattkort hans. Telst hún þá aðallaunagreiðandi viðkomandi launamanns. Í slíkum tilvikum er ríkisskattstjóra enn fremur heimilt að gefa út aukaskattkort til launamanns vegna þess hluta persónuafsláttar sem fyrirsjáanlegt er að ekki nýtist á móti þeim greiðslum sem viðkomandi launamaður fær frá Tryggingastofnun ríkisins. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

6. gr.

1. málsl. 1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs ber launamanni að afhenda launagreiðanda sínum skattkort sitt til vörslu og telst hann þá aðallaunagreiðandi hans.

7. gr.

Við 12. gr. bætast þrjár málsgreinar, sem verða 4., 5. og 6. mgr., svohljóðandi:

Nýti launamaður, sem er annað hjóna eða aðili í sambúð, sbr. 1. mgr. 13. gr., að jafnaði ekki persónuafslátt sinn að fullu hefur hann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá

skattstjóra. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal þann persónuafslátt sem fyrirsjáanlegt er að launamaður nýtir ekki.

Ríkisskattstjóra er heimilt að gefa út skattkort til námsmanna sem stundað hafa nám á vormissiri og lítt eða ekkert hafa nýtt persónuafslátt sinn eða flutt yfir til maka, sbr. 1. mgr. 13. gr., til nota samhliða aðalskattkorti skv. 1. mgr. 11. gr. Námsmannaskattkort skal gilda í þrjá mánuði.

Ef launamaður hefur eigi nýtt meira en 20% af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann yfir til maka, sbr. 1. mgr. 13. gr., er honum heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti.

8. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aukaskattkorta maka sem gefin verða út skv. 4., 5. og 6. mgr. 12. gr.

9. gr.

1. málsl. 2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Greiðslutímabil reiknaðs endurgjalds, sbr. 2. tölul. 5. gr., til launamanns, sbr. ákvæði 2. tölul. 4. gr., telst hver einstakur almanaksmánuður staðgreiðsluársins, sbr. þó heimild skattstjóra samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 20. gr.

10. gr.

15. gr. orðist svo:

Þegar ákvörðun launa launamanns fyrir hvert greiðslutímabil, að meðtöldu orlofsfé, er lokið skal bætt við þau skattskyldum hlunnindum samkvæmt mati ríkisskattstjóra, sbr. 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Af þannig ákvörðuðum launum greiðslutímabilsins ber launagreiðanda að reikna staðgreiðslu launamanns vegna greiðslutímabilsins að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og sjómannaafsláttar skv. 2. mgr. B-liðs sömu greinar þar sem hann á við. Staðgreiðsla skal dregin af launum launamanns og skilað til innheimtuaðila, sbr. 2. mgr. 20. gr.

Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda sem innheimt eru skv. 35. gr.

Afhendi launamaður ekki launagreiðanda skattkort sitt skal ekki tekið tillit til persónuafsláttar við ákvörðun staðgreiðslu, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

11. gr.

Í stað 1. mgr. 16. gr. komi tvær málsgreinar svohljóðandi:

Afdráttur opinberra gjalda af launum skal fara fram þegar laun eru borguð út eða færð launamanni til tekna vegna ákveðins greiðslutímabils, sbr. 14. gr.

Þegar laun eða hluti launa, svo sem greiðslur fyrir yfirvinnu, ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun, koma ekki til uppgjörs fyrr en að loknu því greiðslutímabili sem krafa til þessara launa myndast að fullu eða hluta skulu þau talin til launa þess greiðslutímabils, enda

fari uppgjör þeirra fram innan 14 daga frá lokum þess. Fari uppgjörið fram síðar teljast greiðslur þessar til þess greiðslutímabils er uppgjörið fer fram í og miðast afdráttur þá við það tímabil.

12. gr.

2. mgr. 20. gr. orðist svo:

Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi til gjaldheimtu eða annars innheimtuaðila, sbr. 109. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, í því umdæmi þar sem launagreiðandi á lögheimili. Með greiðslum skal fylgja sundurliðuð skilagrein frá launagreiðanda á þar til gerðu eyðublaði. Launagreiðandi skal skila skilagrein mánaðarlega enda þótt engin greiðsla fylgi. Skattstjóri getur heimilað aðilum, sem reikna sér, maka sínum og börnum endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr., að gera skil einu sinni á ári enda séu reiknuð laun undir tilteknu lágmarki samkvæmt sérstökum reglum er ríkisskattstjóri setur.

13. gr.

Við 28. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sé skilafé vanreiknað eða laun dregin undan má gera launagreiðanda að greiða vanskilafé sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar endurreikningur fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á skilum launagreiðanda nær heimild til endurreiknings til sex ára aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

14. gr.

29. gr. orðist svo:

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skal innheimt af innheimtuaðila, sbr. 20. gr., í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili.

Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Vanskilafé og álag skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878.

Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Innheimtuaðili skal senda skilagrein til skattstjóra yfir fé er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Innheimtu vanskilafé og álagi skal haldið aðgreindu á sérstökum reikningi þar til sundurliðuð skilagrein berst frá launagreiðanda.

15. gr.

31. gr. orðist svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af sektarnefnd sem skipuð skal einum fulltrúa frá ríkisskattstjóra og tveimur fulltrúum sem fjármálaráðuneytið tilnefnir, nema málinu sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Ríkisskattstjóri sendir sektarnefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá sektarnefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir sektarnefnda eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Ríkisskattstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af sektarnefnd skv. 1. mgr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Greiðslukröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er sektarnefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 3. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.

Sök skv. 30. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða Rannsóknarlögreglu ríkisins enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

16. gr.

Við 34. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Skilafé vegna staðgreiðslu launamanns á tekjuári gengur einungis á móti álagningu tekjuskatts og útsvars á þær tekjur er staðgreiðslan nær til, sbr. 1. gr., óháð annarri greiðslustöðu launamanns hjá ríki, sveitarfélögum eða öðrum gjaldkrefjendum, sbr. þó 2. mgr. 36. gr.

17. gr.

35. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri gerir innheimtuskrá yfir þá gjaldendur sem reynast skulda opinber gjöld að lokinni álagningu skattstjóra. Skráin sýni skatta þeirra og gjöld eftir að tekið hefur verið tillit til skuldajöfnunar milli hjóna samkvæmt ákvæðum 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Innheimtuskrá skal senda viðkomandi innheimtuaðila.

Skattar er renna til ríkissjóðs nefnast þinggjöld en skattar til sveitarsjóða sveitarsjóðsgjöld. Á innheimtuskrá skal taka þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld sem skattstjórum ber að leggja á.

18. gr.

36. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri gerir endurgreiðsluskrá yfir þá gjaldendur sem reynast eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu að lokinni álagningu og skuldajöfnun milli hjóna samkvæmt ákvæðum 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Endurgreiðsluskrá skal send fjármálaráðuneyti sem sér um endurgreiðslu fyrir hönd ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir að skuldajöfnun á móti gjaldföllnum þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum hefur farið fram.

19. gr.

Í 2. mgr. 37. gr. komi í stað „3. mgr. 35. gr.“: 2. mgr. 35. gr.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1987. Þau ákvæði þeirra, er snerta framkvæmd eða undirbúning framkvæmdar á árinu 1987, koma til framkvæmdar á því ári, eftir því sem við á.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um sóknargjöld o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um hlutdeild þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs í tekjuskatti.

1. gr.

Þjóðkirkjusöfnuðir, skráð trúfélög samkvæmt lögum um trúfélög, nr. 18/1975, og Háskólasjóður skulu eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti álögðum samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, sbr. lög nr. 49/1987, eftir því sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar, af óskiptum tekjuskatti, fjárhæð er rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands. Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:

1. Á árinu 1988 skal gjaldið vera 141 kr. á einstakling á mánuði að viðbættri fjárhæð er samsvarar þeirri hækkun er verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1986 og 1987. Ríkissjóður skilar þessu gjaldi í fyrsta skipti 15. febrúar 1988.
2. Á árinu 1989 ákvarðast gjaldið á hvern einstakling á mánuði í samræmi við endanlega ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1987 og 1988 þegar tekjuskattsstofn tekjuársins 1987 hefur verið reiknaður eftir sömu reglum og munu gilda við útreikning tekjuskattsstofns tekjuársins 1988.
3. Á árinu 1990 og síðar ákvarðast gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári, að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Nú verða gerðar breytingar á útreikningi tekjuskattsstofns og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun gjaldsins hverju sinni.

Hækkun á gjaldi samkvæmt þessari grein skal ákvarðast af kirkjumálaráðherra í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þar til ákvörðun þessi liggur fyrir skal ráðherra ákveða uppígreiðslu gjaldsins fyrir mánuðina janúar til júlí ár hvert á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára.

3. gr.

Gjald skv. 2. gr. skiptist þannig:

Vegna einstaklings, sem skráður er í þjóðkirkjuna, greiðist til þess safnaðar sem hann tilheyrir og miðast við 1. des. næst á undan gjaldári.

Vegna einstaklings, sem tilheyrir skráðu trúfélagi samkvæmt lögum nr. 18/1975, greiðist gjaldið til hlutaðeigandi trúfélags.

Vegna einstaklings, sem hvorki er í þjóðkirkjunni né skráðu trúfélagi samkvæmt lögum nr. 18/1975, greiðist gjaldið til Háskóla Íslands.

Vegna einstaklinga, sem eru í þjóðkirkjunni og eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá, greiðist gjaldið til Jöfnunarsjóðs sókna, sbr. 5. gr.

Trúfélagsskráning miðast við 1. desember næst á undan gjaldári.

4. gr.

Ríkisbókhaldið annast skiptingu gjaldsins skv. 3. gr.

II. KAFLI

Um Jöfnunarsjóð sókna.

5. gr.

Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða skv. 2. og 3. gr. í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Gjald þetta greiðist mánaðarlega.

6. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

a. Að veita styrki til þeirra kirkna sem sérstöðu hafa umfram aðrar sóknarkirkjur.
b. Að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem lögmæltar tekjur skv. 2. gr. laga þessara nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests og að fenginni umsögn héraðsnefndar.
c. Að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum.
d. Að styrkja kirkjulega félags- og menningarstarfsemi.

Heimilt er að veita héraðssjóðum styrki til verkefna er undir þá falla, sbr. 8. gr.

7. gr.

Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn er kynnt skal dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir lok maímánaðar ár hvert. Áætlun skal einnig kynnt kirkjuþingi.

Reikningshald sjóðsins skal vera í höndum biskupsstofu og reikningsleg endurskoðun framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

III. KAFLI

Um héraðssjóði og framlög til þeirra.

8. gr.

Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum skv. I. kafla laga þessara renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu prófasts. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar. Jafnframt er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til einstakra sókna.

Ríkissjóði ber að greiða héraðssjóði þá fjárhæð er héraðsfundur ákveður, skv. 1. mgr., áður en sóknargjaldi er skipt milli sókna í hlutaðeigandi prófastsdæmi.

Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar sem skipuð er þremur mönnum. Formaður hennar er prófastur, en héraðsfundur kýs tvo nefndarmenn, leikmann og prest, til fjögurra ára í senn og varamenn með sama hætti. Héraðsfundur kýs enn fremur tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins til fjögurra ára í senn og tvo til vara.

Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykkta héraðsfunda og sér um reikningshald hans. Hún gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og leggur þar fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

IV. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

9. gr.

Kirkjumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld o.fl., svo og lög nr. 104 31. desember 1985, um breyting á þeim.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

28. desember 1987 Nr. 92

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting samkvæmt lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breytingar á einstökum greinum.

1. gr.

5. tölul. 28. gr. laganna falli niður.

2. gr.

1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Útgjöld að hámarki móttekin fjárhæð ökutækjastyrka, dagpeninga eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og eru í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

3. gr.

3. mgr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. orðist svo:

Frá tekjum má enn fremur draga einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 0,5% af aðstöðugjaldsstofni gefanda á því ári þegar gjöf er afhent, sbr. 37. gr. laga nr. 73/1980. Með stöðugjaldsstofni í þessu sambandi er átt við stofninn eins og hann er áður en verðmæti gjafarinnar er bætt við hann. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þessa grein.

4. gr.

Í stað orðsliðarins „69. gr.“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. 64. gr. komi: 69. gr. A.

5. gr.

Í stað orðsliðarins „69. gr.“ í 1. mgr. 65. gr. komi: 69. gr. A.

6. gr.

1. mgr. A-liðar 68. gr. orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 158 820 kr.

7. gr.

Lokamálsliður 3. mgr. A-liðar 68. gr. orðist svo:

Persónuafsláttur er ekki millifæranlegur milli mánaða en í reglugerðinni má heimila að ónotaður persónuafsláttur, sem safnast hefur upp á meðan launagreiðandi hefur haft skattkort launamanns undir höndum, nýtist við síðari launagreiðslur enda séu uppfyllt þau skilyrði um launabókhald og skilagreinar sem nánar verði ákveðin í henni.

8. gr.

B-liður 68. gr. orðist svo:

Maður, sem lögskráður er á íslenskt skip eða skip sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, er dreginn skal frá tekjuskatti. Sjómannaafsláttur skal vera 365 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.

Heimilt er að ráðstafa sjómannaafslætti manna, sbr. 1. mgr. þessa stafliðar, á móti staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sá sjómannaafsláttur, sem ráðstafað er samkvæmt þessari málsgrein á móti staðgreiðslu á tekjuári, skal koma til frádráttar sjómannaafslætti við álagningu tekjuskatts. Nánari reglur um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um ákvörðun dagafjölda, útreikning sjómannaafsláttar, skuldajöfnun á móti vangoldnum opinberum gjöldum o.fl., skulu settar í reglugerð.

Hlutaráðnir sjómenn og landmenn, sem ekki eru lögskráðir, skulu njóta sjómannaafsláttar. Óheimilt er að ráðstafa sjómannaafslætti þeirra á móti staðgreiðslu á tekjuári skv. 2. mgr. þessa stafliðs.

9. gr.

69. gr. laganna orðist svo:

A

Barnabætur.

Ríkissjóður skal greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. Barnabætur skulu árlega nema 16 000 kr. með fyrsta barni en 24 000 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 16 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en greinir í 1. mgr., þó að lágmarki 48 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

Framfærandi samkvæmt þessum staflið telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur

milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti er slitið.

Skattstjóri úrskurðar barnabætur samkvæmt þessum staflið og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. og 96. gr. eftir því sem við getur átt.

Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

B

Barnabótaauki.

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabótaauka til framfæranda barnsins.

Barnabótaauki skal óskertur nema 38 000 kr. en skerðist í hlutfalli við tekjuskattsstofn á tekjuárinu og eignarskattsstofn framfærenda í lok þess, sbr. 3. og 4. mgr. þessa staflíðar.

Barnabótaauki skv. 2. mgr. skerðist í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 600 000 kr. hjá hjónum og umfram 400 000 kr. hjá einstæðu foreldri. Skerðingarhlutfallið skal vera 7% fyrir 1. barn, 6% fyrir 2. barn, 5% fyrir 3. barn og 4% fyrir börn umfram það.

Barnabótaauki vegna hvers barns á framfæri hjóna skerðist um 1,5% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna fer fram úr 1 850 000 kr. uns hann er fallinn niður. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna hvers barns á framfæri einstæðra foreldra um 3,0% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 475 000 kr. uns hann er fallinn niður.

Framfærandi samkvæmt þessum staflið telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu, sbr. X. kafla, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs.

Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabótaauka, innheimtu ofgreidds barnabótaauka og skuldajöfnun hans á móti opinberum gjöldum, þar á meðal forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

C

Húsnæðisbætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og kaupir, byggir eða eignast á annan hátt í fyrsta sinn íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum. Réttur til húsnæðisbóta stofnast aðeins einu sinni fyrir hvern framteljanda.

Húsnæðisbætur skulu vera 38 000 kr. á ári fyrir hvern mann sem kaupir eða byggir íbúðarhúsnæði skv. 1. mgr.

Réttur til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. stofnast á því ári þegar bygging húsnæðis er hafin eða það keypt og varir í sex ár frá og með því ári. Sá sem skattlagður er skv. 63. gr. í fyrsta sinn á rétt á húsnæðisbótum í sex ár að frádregnum þeim árafjölda sem hann hefur notið húsnæðisbóta áður.

Húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald rétthafa húsnæðisbóta á íbúð. Selji rétthafi íbúð þá, sem veitti rétt til húsnæðisbóta, innan sex ára frá því tímamarki er greinir í 3. mgr. án þess að hefja byggingu eða festa kaup á öðru íbúðarhúsnæði, falla bótagreiðslur til hans niður á söluárinu. Réttur til húsnæðisbóta stofnast ekki ef byggt er eða keypt íbúðarhúsnæði og það selt á sama ári. Ónýttur réttur til húsnæðisbóta skal geymast þar til rétthafinn hefur byggingu eða kaupir íbúðarhúsnæði að nýju.

Slíti maður heimilisfesti hér á landi reiknast húsnæðisbætur hans á brottfararárinu hlutfallslega miðað við þann tíma ársins sem hann var heimilisfastur hér á landi.

Húsnæðisbætur reiknast hlutfallslega miðað við andlátsdag það ár sem maður deyr. Eftirlifandi maki á rétt á húsnæðisbótum látins maka á dánarári hans og á næsta ári eftir dánarár hans ef réttindi standa til þess.

Húsnæðisbætur eru ákvarðaðar samkvæmt umsókn til skattstjóra sem skal skilað með fyrsta framtali eftir að réttur til þeirra stofnast.

Skattstjóri semur skrá yfir rétthafa húsnæðisbóta og sendir hana fjármálaráðuneytinu.

Húsnæðisbætur greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld fyrri ára og ógreidd álögð gjöld sama árs.

Nú kemur í ljós að maður hefur fengið greiddar húsnæðisbætur án þess að eiga rétt á þeim og skal honum þá gert að endurgreiða þær að viðbættu álagi. Álag á of hátt ákvarðaðar bætur skal nema 25%. Fella skal niður álag samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök að því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali, eða umsókn um húsnæðisbætur, er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

Nánari reglur, m.a. um hvað telst fyrsta íbúðarhúsnæði í eigu manns samkvæmt þessum staflið, um útborgun húsnæðisbóta og skuldajöfnun þeirra á móti opinberum gjöldum, þar á meðal forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

10. gr.

2. og 3. tölul. 1. mgr. 71. gr. laganna orðist svo:

2. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 2., 3. og 7. tölul. 3. gr., skal nema 20% af tekjuskattsstofni þeirra. Þessi hundraðshluti reiknast m.a. af launum eða þóknunum til listamanna og annarra þeirra sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, en með launum og þóknunum teljast hvers konar hlunnindi, þar með talinn flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Eigi skiptir máli hvort aðili kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila. Sérreglur gilda um eftirlaunaþega og lífeyrisþega skv. 3. mgr. þessa töluliðar.

   Sá aðili, sem kemur fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, án ákveðinna launa eða þóknunar en nýtur í þess stað afraksturs af slíkri starfsemi, skal greiða 13% tekjuskatt af heildartekjum af slíku starfi án nokkurs frádráttar.

Tekjuskattur eftirlaunaþega og lífeyrisþega, sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr., skal reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. Persónuafsláttur skal í þessum tilvikum einungis dreginn frá tekjuskatti af eftirlaunum og lífeyri viðkomandi aðila og skal ónýttum hluta hans einungis ráðstafað til greiðslu á útsvari af sömu tekjum. Sá hluti persónuafsláttar sem þá er enn óráðstafað fellur niður og er hann ekki millifæranlegur milli hjóna nema þau séu bæði eftirlaunaþegar eða lífeyrisþegar og falli að öðru leyti bæði undir ákvæði þessarar málsgreinar.

3. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 4., 5., 6. og 8. tölul. 3. gr., skal, ef um mann er að ræða, reiknast af tekjuskattsstofni með skatthlutfalli skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. án persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 72. gr.

Tekjuskattsstofn erlendra vátryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

11. gr.

Úr 2. mgr. 80. gr. falli niður orðin: „9. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og".

12. gr.

Í stað orðsliðarins „69. gr." í 82. gr. komi: 69. gr. A.

13. gr.

Önnur málsgrein 121. gr. orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. desember 1987 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er hinn 1. júní 1987, þ.e. 1687 stig, og þeirrar sem í gildi verður 1. desember 1987.

II. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 49 30. mars 1987 hljóði svo:

I

Maður, sem keypt hefur eða hafið byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota á árinu 1987 eða fyrr og nýtur því ekki húsnæðisbóta samkvæmt lögum þessum, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða II, skal eiga rétt á sérstökum skattafslætti, vaxtaafslætti, í allt að sex ár talið frá og með álagningarárinu 1988 ef hann á þeim árum hefði haft vaxtafrádrátt samkvæmt heimild í 1. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr., eins og þau ákvæði hljóðuðu fyrir samþykkt laga nr. 49 30. mars 1987. Um útreikning á því, hvort maður hefði notið vaxtafrádráttar á þessum árum, fer eftir reglum 2. mgr. þessa ákvæðis.

Vaxtaafsláttur skv. 1. mgr. skal nema 40% af frádráttarbærum vöxtum, sbr. 1. mgr., þegar frá þeim hefur verið dregin fjárhæð er svarar til 7% af tekjuskattsstofni hvers manns. Sé um hjón að ræða skal framangreint hlutfall reiknast af samanlögðum tekjuskattsstofnum þeirra beggja. Frádráttarbærir vextir samkvæmt þessu bráðabirgða ákvæði geta aldrei verið hærri en 292 600 kr. hjá hverjum manni en 585 200 kr. hjá hjónum. Framangreind hámörk vaxtafrádráttar skulu hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr.

Um ráðstöfun vaxtaafsláttar og millifærslu milli hjóna á álagningarárinu 1989 og síðar skulu ákvæði A-liðar 68. gr. um persónuafslátt gilda eftir því sem við getur átt að öðru leyti en því að óráðstafaður vaxtaafsláttur flyst á milli hjóna án skerðingar.

Á árinu 1988 skal vaxtaafsláttur greiðast út.

